



Alþingi  
Erindi nr. P 127, a. b. c  
komudagur 18.4.2002

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Íðnaðarnefnd Alþingis  
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. apríl 2002

Sam 154/2002 PS/sp  
Tilv.: 215,0

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar,  
640. mál**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 12. apríl, var lagt fram bréf frá íðnaðarnefnd Alþingis, dags. 3. apríl 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, 640. mál, heildarlög.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn á fundinum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, 640. mál.



# Umsögn

## Sambands íslenskra sveitarfélaga

### um frumvarp til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar, 640. mál.

Samband íslenskra sveitarfélaga mælir með samþykkt frumvarpsins að teknu tilliti til eftirfarandi athugasemda:

#### Um 1. gr.

Lagt er til að 2. tl. orðist svo: Greiðslu styrkja vegna stofnunar nýrra hitaveitna og stækkunar dreifikerfa hitaveitna.

Núverandi ákvæði um gildissvið frumvarpsins er ekki í samræmi við efnisleg ákvæði frumvarpsins, sbr. t.d. 11. gr. sem fjallar um styrkveitingar vegna stækkunar á dreifikerfi hitaveitna. Tillagan miðar að því að samræmi sé milli ákvæðis frumvarpsins um gildissvið og raunverulegs efnis frumvarpsins.

#### Um 12. gr.

Lagt er til að styrkur til hitaveitu vegna dreifikerfis, þ.e. vegna tengingar nýrra heimila, geti numið allt að áætluðum 10 ára niðurgreiðslum á rafmagni til húshitunar vegna viðkomandi heimila.

Í greininni er gert ráð fyrir að styrkur til stofnunar hitaveitu jafngildi áætlaðri niðurgreiðslu á veitusvæði fyrir fimm ár. Hitaveitur eru langtíma fjárfesting og því hefur stofnun þeirra þau áhrif að niðurgreiðslur vegna húshitunar falla niður í áratugi. Eðlilegt er því að styrkveitingar vegna nýrrar hitaveitu nemi hærrí fjárhæð en áætluðum fimm ára niðurgreiðslum. Einkum á þetta við um framkvæmdir við dreifikerfi hitaveitu, þ.e. tengingar til heimila, sem e.t.v. teljast ekki hagkvæm fyrir viðkomandi hitaveitu vegna mikils kostnaðar en teldust þó samfélagslega hagkvæm vegna þess að niðurgreiðslur vegna húshitunar myndu falla niður í áratugi. Áhrif ofangreindrar tillögu um hærrí framlög til dreifikerfa hitaveitna hefur ekki aðeins þau áhrif að hagkvæmni fyrir hitaveitu að stækka dreifikerfi veitunnar helst í hendur við samfélagslega hagkvæmni slíkrar stækkunar heldur verður einnig af sömu ástæðum í fleiri tilvikum grundvöllur fyrir stofnun nýrra hitaveita.

#### Um 19. gr.

Lagt er til að greinin orðist svo: Iðnaðarráðherra skal að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja reglugerð um framkvæmd laga þessara, m.a. um útreikning niðurgreiðslna, íbúðarflokka, úthlutun styrkja til nýrra hitaveitna og eftirlit. Samráðsaðilar skulu hafa samráð við samningu frumdraga reglugerðarinnar og síðar eftir því sem ástæða er til.



Í 2. gr. sveitarstjórnarlaga segir að engu málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags skuli ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnarinnar. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur það að markmiði sínu að gæta hagsmuna sveitarfélaga gagnvart ríkisvaldinu og má í því sambandi vísa til samstarfssáttmála ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Niðurgreiðsla húshitunarkostnaðar og greiðslur styrkja vegna stofnunar nýrra hitaveitna eru málefni sem varða sveitarfélög og því er mikilvægt að haft verði samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga við gerð reglugerðar á þessu sviði. Síðari málsliður tillögunnar stuðlar að því að raunverulegt samráð eigi sér stað, þ.e. að samráðsaðilar vinni saman að viðkomandi málefni með *formlegum hætti* allt frá *frumstigi máls til endanlegrar niðurstöðu*.

#### **Um bráðabirgðaákvæði, sbr. 4. gr.**

Lagt er til að bráðabirgðaákvæði IV verði bætt við frumvarpið og það orðist svo: Orkustofnun getur heimilað dreifiveitum að sækja um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar fyrir hönd þeirra orkunotenda sem veiturnar telja að eigi rétt á niðurgreiðslum.

Með gildistöku laganna verður sú regla tekin upp að allir orkunotendur sem falla undir ákvæði 4. gr. þurfa að sækja sérstaklega um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar. Veruleg hætta er á að margir þeir sem notið hafa niðurgreiðslu um langt árabíll án slíkra umsókna muni ekki sækja rétt sinn og getur það einkum átt við um þá sem minna mega sín. Tilgangur laganna og vilji löggjafans standa ekki til að svo fari. Umsóknir dreifiveitna fyrir hönd orkunotenda við gildistöku laganna hafa í för með sér hagræðingu fyrir orkunotendur, dreifiveitur og Orkustofnun, vegna samræmingar, minni kostnaðar vegna leiðbeininga við gerð umsókna auk þess sem slíkt fyrirkomulag liðkar fyrir árangursríkri gildistöku laganna.

Samþykkt á fundi stjórnar sambandsins 12. apríl 2002.

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri